3. fundur Öldungaráðs Norðurþings.

Árið 2023 mánudaginn 18 september klukkan 13:00 kom Öldungaráð Norðurþings saman til fundar í fundarsal Stjórnsýsluhúss Norðurþings.

Allir fundarmenn mættir nema Helgi Ólafsson sem boðaði ekki forföll.

Mættir: Frímann Sveinsson, Edda Björg Sverrisdóttir, Jón Ragnar Grímsson, Smári Kárason,

Lilja Skarphéðinsdóttir, Ingvar Vagnsson og Fanney Hreinsdóttir.

Frímann formaður ráðsins setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið til fundar.

Rætt var um ályktanir í 3 liðum frá aðalfundi félagsins eldri borgara á Húsavík og nágrenni þann 24 mars 2023.

Rætt var um málefni hjúkrunarheimilis á Húsavík og Hvamms.

Einnig umræða um kjör og búsetuúrræði eldri borgara á svæðinu.

Fram kom tillaga á fundinum hvort æskilegt væri að Öldungaráð Norðurþings fengi einn áheyrnarfulltrúa í stjórn hjúkrunarheimilis á Húsavík og Hvamms.

Frímanni formanni ásamt Fanneyju Hreinsdóttur falið að vinna að tillögu þess efnis.

Margt fleira rætt sem ekki var bókað.

Fundi slitið 14:10

Fundargerð rituð af Ingvari Vagnssyni